



TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga um sérákvæði í Vogabyggð

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

1. Drómundarvogur verði vistgata
2. Umferð frá Bátavogi víki fyrir umferð um Kleppsmýrarveg á biðskyldu.
3. Kuggavogur verði einstefnugata til norð-austurs milli Dugguvogs og Súðarvogs
4. Trilluvogur verði einstefnugata til austurs.
5. Að eftirfarandi götur hafi leyfilegan hámarkshraða 30 km/klst
 - a. Dugguvogur milli Tranavogs og Kleppsmýrarvegur
 - b. Kleppsmýrarvegur austan Dugguvogs
 - c. Tranavogur
 - d. Trilluvogur
 - e. Súðarvogur
 - f. Kuggavogur
 - g. Skektuvogur
 - h. Arkarvogur
 - i. Bátavogur
6. Eitt stæði við Súðarvog 11 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða
7. Eitt stæði við Súðarvog 2 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða
8. Eitt stæði við Skektuvog 2 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða
9. Eitt stæði við Arkarvog 2 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða


Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Vogabyggð hefur byggst hratt upp á undanfórnum árum og er nú svo komið að byggðin er farin að taka á sig mynd og á sama tíma hefur umferð aukist verulega. Því er nauðsynlegt að ofangreind sérákvæði taki gildi til að auka öryggi vegfaranda sem og að nauðsynleg stæði fyrir hreyfihamlaða verði komið fyrir í hverfinu.

Í samræmi við 1. og 3. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og samþykkt af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri



ÁRSTAVNA